

## Fundargerð 176. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 24. ágúst kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Einar Óskar Friðfinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Símon Guðvarður Jónsson og Svanur Gunnsteinsson

Fjarfundur: Helgi Már Sigurgeirsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Sigurður Jóhann Erlingsson

Fjarverandi: Agnar Ólason, Pétur Freyr Jónsson og Tinna Magnúsdóttir

### Dagskrá :

#### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 175

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

#### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Sjómannadagurinn heppnaðist vel og að vanda voru heiðranir. Þeir sem voru heiðraðir í þetta sinn voru þeir Andrés Hafberg og Björgvin Jónasson.

Þá var Einari Björnssyni veittur Neistinn, viðurkenning sem Félag vélstjóra og málmtæknumanna og Tryggingamiðstöðin (TM) veita fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf. Einar var á sjó svo kona hans, Alda Ásgeirsdóttir, mætti fyrir hans hönd og tók á móti viðurkenningunni.

Skrifstofur VM og Húss Fagfélaganna voru lokaðar dagana 24. júlí til 4. ágúst vegna sumarleyfa starfsfólks. Skrifstofan var opnuð aftur þriðjudaginn 8. ágúst kl 8:00, formaður sagðist ekki hafa heyrt neinar kvartanir vegna lokunarinnar. Einhverjir voru að vinna þessa daga til að sinna því sem sinna þurfti.

Hið árlega golfmót VM var haldið föstudaginn 11. ágúst á Hlíðavelli, Golfklúbbi Mosfellsbæjar og tókst mjög vel. Þátttaka hefði hins vegar mátt vera betri.

4. júní var kosið um kjarasamning VM við SA vegna félagsmanna VM á millilandaskipum. Hópurinn samþykkti samninginn. Á kjörskrá voru samtals 42. Þar af tóku 27 þátt, sem gerir 64,3% kjörsókn.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Já = 22 eða samtals 81.48%

Nei = 5 eða samtals 18.52%

Tek ekki afstöðu = 0

17. ágúst var skammtíma kjarasamningur milli Faxaflóahafna annars vegar og FS Félags skipstjórnarmanna og VM Félags vélstjóra og málmtæknumanna hins vegar undirritaður. Þetta er framlenging á gildandi kjarasamningi og gildir til 30. apríl. Sameiginlegur kynningarfundur stéttarfélaganna fer fram í fundarsal Faxaflóahafna á fjórðu hæð föstudaginn 25. ágúst nk. kl. 13:00. Rafræn atkvæðagreiðsla hefst kl. 15:00 þann dag og stendur í þrjá sólarhringa. Úrslit verða kynnt kl. 16:00 mánudaginn 28 ágúst. Ekkert hefur verið boðað til fundar í sjómannadeilunni. Menn að koma úr fríum og eru að skoða stöðuna. Fengum fund með SA á mánudaginn var og þar var farið yfir hvernig við förum á stað.

Ákveðið að byrja samtalið í næsta mánuði og á að funda 5. – 12. og svo 19 september. Í millitíðinni munum við funda með samninganefndum okkar og stilla saman strengi.

### 3. Samvinna á Stórhöfða

Farið var yfir tillögur sem liggja fyrir varðandi samstarfið. Samstarfið búið að vera í gangi í rúmt eitt og hálf ár og undanfarið hefur farið fram vinna við endurskipulagningu innanhúss. Vitum öll að FIT gekk út úr samstarfinu og því var þörf á endurskipulagningu. Í byrjun voru þrjár stoðir, kjaramál, þjónusta og rekstur. En við fækkuðum í tvær stoðir, þjónustan og reksturinn renna saman í rekstur en kjaramálin halda sé. Stofnuð verður sameiginleg sjúkrasjóðsdeild með tvo starfmenn, reksturinn verður algjörlega aðskilin eins og verið hefur.

### 4. Orlofsmál

Sundlaugin á Laugarvatni, ljóst að framkvæmdir við hana fara langt fram úr áætlun og hefur tekið mun lengri tíma en stefnt var að. Fengum áætlun upp á rúmar 11 milljónir fyrir utan vinnu. Síðan var líka talað um svæðið í kringum sundlaugina og hellulagnir og annað tekið í gegn líka. Þegar það var komið þá var heildarverðið á þessu komið í 12,8 milljónir, enn vantar vinnu.

Orlofsíbúðir og Blær. Blær er félag sem byggir óhagnaðadrifnar íbúðir til leigu. Ein blokk er farin af stað, VR. Okkur hefur boðist að kaupa blokk á orkureitnum en við gátum ekki fengið nógu góðar upplýsingar um verðin fyrir fundinn. Hugmyndin er að fagfélögin kaupi einn stigagang og verði með allar sínar orlofsíbúðir þar og þá líka húsvörð til að sinna þeim. Einnig er hægt að kaupa stigaganginn við hliðina ef menn vilja fara í að leigja félagsmönnum sínum. VR tekur 90% lán meðal annars hjá lífeyrisjóðum og eru búnir að reikna hver leigan þarf að vera til að greiða upp lánið. Spurningin er er vilji til að kaupa 2 stigaganga, einn fyrir orlofsíbúðir og einn til útlegu. Formaður sýndi verðtillögu frá fasteignasala hvað hver íbúð myndi kosta ef hún færi á almennan markað. En ef öll blokkin er keypt þá er hægt að fá betri kjör. Formaður sagðist vera að leggja þetta fram til að stjórnarmenn vissu hvað væri verið að ræða í húsinu og bað þá að skoða og hugsa vel. Mjög skiptar skoðanir voru á þessu, sumir alveg á móti en sumir til í að skoða þetta. Að lokum var samþykkt að taka þetta skefi lengra og vinna einhverja kostnaðaráætlun/framkvæmdaráætlun. Formaður sagði að ef stjórn myndi ákveða að fara út í þetta þegar allar tölur lægju fyrir þá þyrfti að leggja þetta fyrir aðalfund og þá jafnvel að halda auka aðalfund.

### 5. VM – Ráðstefnur

Kjararáðstefna á Grand Hótel 29. sept til 1. okt. Verið er að stilla upp dagskrá ráðstefnunnar þessa dagana. Myndum byrja kl. 13 á föstudeginum og vera með svipað konsept og hefur verið hópavinna og þannig. Hættum við að vera á Selfossi vegna kjaramála starfsmanna þar. Formaður fór aðeins yfir hvernig hugsað er að stilla þessu upp og hverja við ætlum að fá í pallborðsumræður. Verður skipt upp í 3 hópa, sjór, orkugeiri/stóriðja og almennt. Skráningin er farin af stað svo hægt sé að gefa hótelinu tölur, skráningu lýkur 1.sept. Svo verðum við með aðra ráðstefnu 14. og 15. sept og við förum að senda út skráningu á hana fljótega. Orkugeirinn rafvirkjar og vélfræðingar. Trúnaðarmenn og samninganefndir.

### 6. Staða ASÍ

Fyrsti fundur eftir frí var í síðustu viku. Verið er að skoða hvað menn ætla að gera, ætla allir saman eða í sundur. ASÍ er byrjað að ræða við ráðherra því við ætlum ekki að lifa við það að

stýrivextir hækki mánaðarlega. Næstu vikur munu skýra hvort ASÍ fer saman sem heild. Og þá mögulega BSRB með.

**7. Lagt fram til upplýsingar**

Formaður sagði frá því að hann hefði fengið tölvupóst í gær frá Íslandsbanka þar sem farið var yfir stöðuna. Skýrsla hvað er búið að gera í bankanum í kjölfar útboðsins.

**8. Önnur mál**

- Í gær var farið í ferð með heldri félagsmönnum. Farið var á Snæfellsnesið og menn almennt ánægðir.

Fundi slitið 12:32